

# Hymn Ingad. ①

04.9

## AGÆTU KVENNALISTAKONUR!

Pann 18.júní í sumar hittist í fyrsta skipti hópur ungra kvennalistakvenna. Með haustinu hófst svo fyrir alvöru starf í hópnum og sifellt fjarlar innan hans. Við eru allar sammála um, að það var löngu orðið timabært að stofna súlikan hóp, enda höfum við hittst einu sinni í viku frá hausti.

Eitt að því fyrsta sem við geróum í haust, var að taka stefnuþrá Kvennalistans með okkur heim og lesa. Við ætluðum að lesa skrána með gagnrýnu hugsarfari og athuga hvað myndi ekki hófða til ungra kvenna í honum.

Að næsta fundi kom í ljós, að engin okkar hafði neitt við stefnuþrána að athuga. Ekki eitt striði hennar stangaðist að við þar grunnhugmyndir sem við gerum okkur um Kvennalistann, eða yfirleitt þá lifssýn sem við höfum. Hvað segir þetta okkur?

Eru þetta ekki bein skilaboð um það, að þar hugsjónir sem Kvennalistinn hefur í hávegum, eigi samleið með ungum konum?

Eru þetta ekki skilaboð um það, að það séu ekki málefnið sem fæli ungar konur frá því að styðja og vinna með Kvennalistanum?

Eitt af þeim málum sem við höfum rætt á fundum okkar, er hvernig hægt sé að gera Kvennalistann álaðandi fyrir ungar konur. Við höfum spurt okkur þeirrar spurningar, af hverju svo litið af jafnöldrum okkar hafi starfað innan hans og af hverju sé svo erfitt að ná til þeirra.

Meðal þeirra ástæðna sem við höfum tintað til, er að mjög mörgum ungum konum finnst þar standa á jafnréttisgrundvelli í lífinu. Í námi er auðvelt að loka augunum fyrir því misrétti sem ríkir í þjóðfélögnum. Að meðan við eru barnlausar er auðvelt að loka augunum fyrir þeim veggjum sem meður eru víst alltaf að rekast á. Það er jafnvel ríkjandi skoðun hjá ungum konum, að það hljóti að vera búið að gera allt sem hægt sé að gera, þar sem konur hafi barist fyrir því frá því þar sjálfar muna eftir. Þegar farið er út á vinnumarkaðinn eftir nám og jafnvel stofnað til fjölskyldu, þá verða veggirnir sýnilegir. Að sama tíma verða þær of uppteknar af daglegu amstri, til að taka þátt í pólitísku starfi.

Meðal annarra ástæðna sem borið hafa á góma í þessari umræðu, er neikvæð ímynd Kvennalistans þegar kemur að kynferðismálum. Þar eignum við fyrst og fremst við hvernig umræða um klám og erótík í Kvennalistanum ~~hafur~~ verið gripin á lofti af fjölmálium og almenningu. Við verðum að játa af eigin reynslu þá sorglegu staðreynd, að það þykir ekki ungrir konur til framdráttar að tengjast Kvennalistanum. Ein okkar orðaði þetta sem svo, að hún hefði oft lent í því að vera "gengisfelld á staðnum", á hinum illræmda hjónsbandsmarkaði, við það að lýsa yfir pólitiskum skoðunum sinum. Okkur dætur ekki í hug að halda því frá að þessi umræða um klám og erótík

Sein Kynna

? Eiumig teljum við  
úklegt að "engis fellu  
sudalæðan tengist  
hræðslu konu  
við konur, með  
skodanir, serst  
sicotanir

sé slam, síður en svo, en oft hefur virst sem aðaláherslan  
hafi verið lögð á konur sem þolendur í kynlifi. Til þess að ná  
til ungra kvenna, verður Kvennalistinn að leggja áherslu á  
jákvæða ímynd kvenna, þ.á.m. að leggja áherslu á konuna sem  
geranda. Kona, og Kven - Kyver kallega  
sem draga  
Qildi lins  
meins i efa

Að okkar mati er engin tilviljun, að hópur ungra kvenna  
fór að hittast eftir síðustu kosningar. Allt í einu gerðum við  
okkur grein fyrir, að okkar væri þörf. Hingað til hafa margar  
okkar haldið, að við hefðum engu við að bæta, það væri verið  
að vinna að öllum þessum málum, og við værum hreint út sagt  
óþarf. Það má því segja að vonbrigði kosninganna hafi leitt  
eithvað gott af sér!

Við höfum rætt um, hve erfitt sé að svara fyrir  
Kvennalistann, þegar verið er að ræða um pólitík í góðum hópi.  
Við erum orðnar leiðar á að þurfa endalaust að svara fyrir  
okkur, einhverjum bábiljum og ranghugmyndum sem fólk hefur um  
Kvennalistann. Er Kvennalistinn með svo marga veika punkta,  
að við verðum helst að vera útlærðar í feminískum fræðum til  
að geta svarað fyrir okkur?

Eitt af því sem við erum mjög spenntar fyrir, ungu  
konurnar, er að "Kvennaskólinn", taki til starfa. Eitt af  
meginmarkmiðum sliks skóla, ætti að vera námskeið í feminískum  
fræðum, innlendum og erlendum straumum og stefnum.

Hlutverk hóps eins og okkar, hlýtur að biða það verkefni,  
að ná til jafnaldra okkar. Ef við erum ófærar um það, þá getur  
það enginn.

Við getum gengið út frá því sem staðreynd, að pólitík sé  
smitandi. Við þurum að finna okkur leið til að smita sem  
flestar og sem fyrst.

- Það sem þarf að gera er að markaðssetja Kvennalistann á réttan hátt.
- Það þarf að láta raddir okkar heyrast.
- Við þurum að kynna okkar réttu ímynd útávið.
- Síðast en ekki síst þurum við að gera ungum konum grein  
fyrir, hve langt við eigm í land í jafnréttisbaráttunni  
og hve mikil þeirra er þörf!

Kvennalistinn þarf að hafa pláss fyrir alls konar konur  
innan sinna raða, menntaðar, ómenntaðar, giftar, ógiftar,  
barnlausar, barnamargar.

Við eigm að leggja áherslu á, að konur eru eins ólíkar  
og þær eru margar og við þurum og eigm að hafa pláss fyrir  
þær allar innan okkar raða. Því þrátt fyrir, að við séum svo  
ólíkar, eigm við allar sameiginlega hagsmuni sem þarf að  
standa vörð um eða berjast fyrir.